

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/866**  
**komudagur 20.1.2014**

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 20.01.2014  
Tilv. 2014/0067 - 0.0.01  
TA

**Efni: Umsögn um 213. mál – tilflutningur verkefna er varða markaðseftirlit með raftækjum.**

Neytendastofa vísar til frumvarps allsherjar- og menntamálanefndar um „breytingu á ýmsum lagaákvæðum vegna færslu eftirlits með rafföngum til Mannvirkjastofnunar (forræði rafmagnsöryggismála)“, þskj. 275, 213. mál.

**I. Frumvarpið – rangar upplýsingar og forsendur.**

Neytendastofa gerir alvarlegar athugasemdir við greinargerð og upplýsingar sem koma fram í athugasemdum sem þingmenn í allsherjar- og menntamálanefnd virðast byggja á við gerð frumvarpsins. Hér á eftir er farið yfir helstu atriði og rangfærslur sem hafa komið fram í greinargerð og málflutningi við 1. umræðu málsins á Alþingi.

**(1) Reglur og markaðseftirlit með raftækjum hefur „bein áhrif á öryggi mannvirkja“**

Í upphafi greinargerðar sem fylgir frumvarpinu er um að ræða alvarlegar rangfærslur sem ætlað er að telja lesanda trú um að raftæki sem neytendur nota séu „tæknileg vara sem hefur bein áhrif á öryggi mannvirkja“. Ljóst er að framangreind fullyrðing fæst ekki staðist enda ljóst að vörur sem neytendur nota og stinga í samband falla engan veginn undir vörur sem hafa bein áhrif á grunnuppbyggingu mannvirkja.

**(2) „ Mannvirkjastofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga um mannvirki nr. 160/2010, laga um brunavarnir nr. 75/2000 og laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga nr. 146/1996...Sameiginlegt markmið þessarar löggjafar er að tryggja öryggi Vörur þessar og hollustuhætti og vernda notendur þeirra....Einnig fellur undir löggjöfina ýmis tæknileg vara sem hefur bein áhrif á öryggi mannvirkja en getur einnig talist til neytendavöru. Vörur þessar lúta sameiginlegum evrópskum reglum og annast Mannvirkjastofnun markaðseftirlit með þeim á grundvelli framangreindrar löggjafar“**

Framangreind fullyrðin er röng.

Mannvirki, brunavarnir, raforkuvirki, háspennuvirki og neysluveitur eru ekki vara.

Raftæki eru neytendavörur s.s. brauðristar, ísskápar borðlampar, sjónvörp, sléttujárn eru dæmi um algengar vörutegundir sem falla undir ákvæði í LVD-tilskipun um öryggi lágspennta raftækja.

Neytendastofu er falið víðtækt eftirlit með neytendavörum samkvæmt gildandi lögum. Það er því rangt að slíkar vörur séu undir markaðseftirliti Mannvirkjastofnunar.

Markaðseftirlit með vörum miðar að því að kanna hvort verslanir séu að flytja inn og selja vörur sem uppfylla kröfur laga og reglna settra samkvæmt þeim og grípa til aðgerða ef neytendavörur eru hættulegar eða ekki í samræmi við kröfur laga, reglna eða staðla settra samkvæmt þeim.

Notkun vöru fellur utan við markaðseftirlit með vörum sem og slys sem verða af völdum notkunar. Verði slys vegna notkunar vöru s.s. banaslys vegna notkunar á leikfangi eða bruni sem rakinn er til raftækis þá er það á verk-og valdsviði lögreglu að rannasaka slík mál en ekki stjórnvalda sem fara með markaðseftirlit.

Rétt er að vekja athygli á því að um virkjanir, raforkuvirki, háspennulínur, mannvirkjagerð gilda ekki sameiginlegar evrópskar reglur svo sem ráð má af greinargerð með frumvarpinu og þær reglur því alfariði íslenskur landsréttur hvernig eigi að skipa þeim málum. Hin vegar framfylgir Neytendastofa alls um 22 lagabálkum og um 90 reglugerðum sem öll byggja á samevrópskum reglum og löggjöf sem innleiðir hana. Öll sérhæfing og þekking á sviði markaðseftirlits með vörum er því hjá Neytendastofu.

- (3) „Þekking á rafmagnsöryggismálum og þ.m.t. á markaðseftirliti raffanga fluttist til Mannvirkjastofnunar. Hins vegar var ákveðið að Neytendastofa framkvæmdi eftirlit með rafföngum sem ekki væru varanlega tengd mannvirkjum en eftirlit með rafmagnsöryggi almennt og markaðseftirlit með rafföngum að öðru leyti hjá Mannvirkjastofnun“.

Framangreind tilvitnun úr greinargerð með frumvarpinu ber vott um skilningsleysi á þeim málefnum sem um ræðir. Hér á undan hefur verið ítarlega útskýrt að sú deild sem áður sinnti „rafmagnsöryggismálum“ hjá Neytendastofu sá um að meginstefnu til um eftirlit með virkjunum og neysluveitum en ekki neytendavörum. Öll þekking á markaðseftirliti og dagleg framkvæmd hefur alfarið verið hjá Neytendastofu allt frá gildistöku EES 1.

janúar 1995 og fram til dagsins í dag. Viðkomandi starfsmaður sem að hluta til sinnti þessum verkefnum er nú starfsmaður Mannvirkjastofnunar og hefur ekki komið að neinni vinnu við framkvæmd markaðseftirlits með raftækjum á neytendamarkaði s.l. fimm ár enda Mannvirkjastofnun ekki með það eftirlit skv. núgildandi lögum.

- (4) **„Aðskilnaður milli eftirlits með rafföngum eftir því hvort þau eru varanlega tengd mannvirkjum eða ekki á sér enga hliðstæðu í öðrum löndum og leiðir af sér mörg álitaefni og vafamál.“**

Um raftæki gildir tilskipun ESB um lágspennt tæki (2006/95/EB). Tilskipunin á við um öll raftæki sem framleidd eru fyrir neytendur. Aðeins lítill hluti vöruframleiðslu sem fellur undir þessa tilskipun eru vörur sem teljast vera raftæki og eiga að vera varanlegur hluti af mannvirki. Dæmi um þetta er t.d. ídráttarvír (vír til að draga í rafmagnsrör í byggingum). Slíkar vörur eru þó í miklum minnihluta og óverulegt magn af þeim berst á markað hverju sinni. Í Evrópu er lítið sem ekkert markaðseftirlit með slíkum vörum enda eru það fagaðilar sem velja þessar vörur og byggingarfulltrúar í hverju landi taka út mannvirki og sjá til þess að einungis nothæfar vörur séu í mannvirkjum samkvæmt gildandi landsrétti hverju sinni. Það er því fráleitt að mati Neytendastofu að Mannvirkjastofnun sem hefur eftirlit með mannvirkjum eigi að hafa eftirlit með neytendavörum. Í því felst mikið óhagræði að dreifa eftirliti að óþörfu og fara „sænsku“ leiðina þar sem eftirliti hefur verið langmest dreift í Evrópu, sbr. afrit af tölvupóstsamskiptum við sænsku neytendastofuna/umboðsmann neytenda í fylgiskjali sem er meðfylgjandi umsögn þessari. Þar kemur einnig skýrt fram að mikil viðleitni er í allri Evrópu að fela færri stjórnvöldum markaðseftirlit og auka þannig hagkvæmni á þessu sviði. Frumvarp allsherjar- og menntamálanefndar miðar hins vegar í gagnstæða átt.

Neytendastofa ítrekar eins og áður hefur komið fram að eftirlit með öllum raftækjum eigi að vera alfarið hjá Neytendastofu og nauðsynlegt er að innleiða tilskipun 2006/95/EB með sérlögum um öryggi raffanga og endanlega að aðskilja þau ákvæði frá lögum nr. 146/1996.

- (5) **„Reynslan hefur sýnt að aðskilnaður markaðseftirlits með rafföngum, að hluta til, frá öðrum rafmagnsöryggismálum hefur leitt til tvíverknaðar og óskilvirkara eftirlits. Þannig hefur eftirlit með rafföngum orðið kostnaðarsamara fyrir ríkið og meira íþyngjandi fyrir söluaðila.“**

Neytendastofa bendir á að af hálfu stofnunarinnar hefur enginn tvíverknaður átt sér stað frá því að lögum nr. 146/1996 var breytt. Mikil samlegð er í markaðseftirliti Neytendastofu með raftækjum og öðrum vörutegundum sem hún hefur einnig markaðseftirlit með. Neytendastofa hefur ítrekað óskað eftir upplýsingum frá Mannvirkjastofnun um skýrslur og skoðanir sem stofnunin hefur gert vegna neytendavöru en ekki fengið neinar upplýsingar afhentar. Á heimasíðu Neytendastofu er hins vegar að finna ítarlegar upplýsingar um sölubönn, afturköllun vöru o.fl. Ekki fæst séð að sambærilegar upplýsingar séu gerðar opinberar hjá Mannvirkjastofnun.

- (6) **„Árið 2006 fól viðskiptaráðuneytið óháðum aðila, ParX að gera úttekt á**

**rafmagnsöryggismálum m.t.t. mögulegs hlutverks nýrrar stofnunar, þ.e. Mannvirkjastofnunar. Það var niðurstaða úttektarinnar að sterk rök væru fyrir því að fela einni stofnun, Mannvirkjastofnun, umsjón málaflokksins."**

Neytendastofa bendir á að framangreind skýrsla er átta ára gömul og snerist um það hvort fela ætti Mannvirkjastofnun eftirlit með virkjunum og dreifiveitum. Skýrslan hefur enga þýðingu nú í dag um það atriði hvernig eigi að skipa markaðseftirliti með raftækjum. Flutningur á málum er varða rafmagnsöryggismál hefur farið fram til Mannvirkjastofnunar að svo miklu leiti sem það er hagkvæmt og eðlilegt. Framangreind fullyrðing stenst því engin rök.

- (7) **„Hagfræðistofnun Háskóla Íslanda birti skýrslu um stöðu neytendamála á Íslandi árið 2008. Þar var m.a. lagt til að verkefni sem mælifræðisvið og öryggisvið (rafmagnsöryggisvið) Neytendastofu önnuðust yrðu ekki á forræði stofnunar sem sinnir neytendamálum."**

Neytendastofa bendir á að í framangreindri skýrslu hafi engin úttekt verið gerð á þeirri starfsemi sem þarna er vikið að. Um var að ræða skýrslu sem fjallaði að mestu leyti um starfsemi Neytendastofu á sviði viðskiptaefirlits með sammingsbundnum réttindum neytenda sem er sambærilegt hlutverk og umboðsmenn neytenda starfa að á Norðurlöndum. Þvert á móti virðast skýrsluhöfundar leggja til að framangreindir starfshættir verði hér eftir sem hingað til hjá Neytendastofu eins og neðangreind tilvitnun, sem finna má á bls. 231, sýnir glögg:

*„Í því sambandi mætti t.d. hugsa sér að stofnunin héldi að öðru leyti óbreytt áfram með nýju nafni eða að horft yrði til þess að sameina markaðseftirlit með öryggi vöru í eina stofnun (sbr. til hliðsjónar Sikkerhedsstyrelsen í Danmörku), en þetta eftirlit dreifist á mismunandi stofnanir núna."*

Neytendastofa bendir á að í litlu landi eins og Íslandi er óhagkvæmt að stofna margar eftirlitsstofnanir til að hafa eftirlit með aðilum í viðskiptalífmu. Þess vegna hefur allt þetta eftirlit og eftirlitsverkefnið verið sett saman í eina stofnun, þ.e. Neytendastofu sem hefur eftirlit með öryggi neytenda, réttindum neytenda og mælingum í viðskiptalífmu. Einfalt skipulag að landsrétti á sviði markaðseftirlits styður einnig markvisst samstarf Neytendastofu við systurstjórnvöld á EES svæðinu sem annast markaðseftirlit með neytendavörum. Flókið fyrirkomulag að landsrétti eykur flækjustig í erlendu samstarfi. Tillögur allsherjar- og menntamálanefndar að dreifa enn frekar eftirliti með vörum munu því auka kostnað og minnka réttaröryggi borgaranna og verslana. Með því að setja eftirlitið á of margar hendur gerir það stjórnsýsluna flóknari og þar með erfiðara viðfangs fyrir neytendur og fyrirtæki að vita hvert þeir eiga að snúa sér. Í framsögu flutningsmanns frumvarpsins á Alþingi var því haldið fram að frumvarp þetta myndi einfalda eftirlit og auka sparnað. Þetta er rangt eins og glögg má sjá ef málið er kannað ofaní kjölinn.

- (8) **„Frumvarpið felur í sér að öll rafmagnsöryggismál yrðu á einni hendi sem er sambærilegt fyrirkomulagi annars staðar á Norðurlöndum, enda er málaflokkurinn**

**ein samofin kerfisheild. Rafmagnsöryggi í landinu yrði betur tryggt, söluaðilum ekki íþyngt að óþörfu, kostnaður hins opinbera myndi lækka og sérfræðipækking og reynsla myndi nýtast betur.**”

Neytendastofa bendir á að hvergi á Norðurlöndum er Mannvirkjastofnun eða sambærilegri stofnun falið eftirlit á sviði rafmagnsöryggismála. Á öllum Norðurlöndum, nema Svíþjóð, er eftirlit með öryggi vöru á hendi einnar og sömu stofnunar. Þessar stofnanir starfa að eftirliti á svipaðan hátt og gert er á öryggissviði Neytendastofu í dag. Rafmagnsöryggi landsmanna svo sem við framleiðslu og háspennulínur er alveg sérstakt verkefni sem er söluaðilum af raftækjum óviðkomandi. Rafmagnsöryggi í landinu á því ekkert skylt við innflutning og markaðseftirlit með raftækjum. Frumvarp þetta hefur því engin áhrif á raforkuframleiðslu eða rafmagnsöryggi almennt á Íslandi. Sérfræðipækking á sviði eftirlits með virkjunum og neysluveitum nýtist á engan hátt við markaðseftirlit með raftækjum og CE merkingum. Neytendastofa hefur ítarlega gert grein fyrir að þetta eftirlit byggir á sérþekkingu og aðferðum sem er kjarnastarfsemi Neytendastofu en ekki Mannvirkjastofnunar.

Ljóst er að kostnaður hins opinbera mun hækka verulega þar sem fjármunir sem veittir eru til markaðseftirlits með öryggi vöru hjá Neytendastofu nýtast við allt eftirlit með vöru og samlegðaráhrif munu hverfa og þar af leiðandi mun kostnaður við annað vöruaftirlit hjá Neytendastofu hækka verulega og það þarf þá að koma til móts við þann halla í fjárlögum.

**(9) „Jafnframt myndi slík breyting hafa í för með sér einfaldari og skilvirkari stjórnslu.“**

Hér að framan hefur ítarlega verið rakið að breyting sem felst í frumvarpi allsherjar- og menntamálanefndar felur hvorki í sér einföldun né aukna skilvirkni. Þvert á móti mun stjórnslan verða flóknari, dýrari og óskilvirkari.

## **II. Aðför að neytendavernd á Íslandi.**

Það er mat Neytendastofu að öryggi neytenda mun verða verulega skert nái frumvarp þetta fram að ganga enda mun eftirlit með raftækjum í þágu neytenda „týnast“ hjá Mannvirkjastofnun. Það þarf ekki mikla rýni til að ljóst megi verða þeim sem það vilja sjá að stofnun sem hefur það að meginhlutverki að hafa eftirliti með allri mannvirkjagerð í landinu mun varla setja neytendavernd og markaðseftirlit með raftækjum í forgang í sinni starfsemi.

Meginviðfangsefni Neytendastofu er viðskiptaefntirlit, þ.e. eftirlit með öryggi vöru, viðskiptaháttum og mælingum í viðskiptum. Markaðseftirlit með raftækjum er sem fyrr segir mikilvægur hluti af þessari kjarnastarfsemi stofnunarinnar.

Þegar af þeirri ástæðu var því hafnað að flytja þennan eftirlitsþátt sem nú er lagt til að flytja þegar að verkefni voru flutt frá Neytendastofu til Mannvirkjastofnunar. Ekkert hefur breyst á undanförunum 5 árum heldur þvert á móti sýnir reynslan að markaðseftirlit með raftækjum hefur verið farsælt í höndum Neytendastofu og neytendur treysta sífellt meira á aðgerðir hennar í þágu neytendaverndar, ekki síst á sviði vöruöryggismála. Fjöldmörg dæmi af góðri og öruggri framkvæmd stofnunarinnar má finna og eftirlit þetta hefur verið afar skilvirkt og

árangursríkt.

Öll tengsl við viðskiptalífið eru hjá Neytendastofu enda snýst dagleg starfsemi hennar um eftirlit hjá verslunum, innflytjendum eða dreifingaraðilum.


Frumvarp þetta er jafnframt lagt fram án þess að nokkur fagleg úttekt eða greining á áhrifum slíkrar breytingar hafi farið fram á núverandi skipulagi þessara mála hér á landi og innan EES svæðisins. Það er hvorki skynsamlegt né hagkvæmt.

Það eru því mikil vonbrigði að þrátt fyrir ítarlegar umsagnir og upplýsingar til Alþingis frá árunum 2008-2013, svo og frumvarp það sem hér liggur fyrir að hlutaðeigandi nefnd leggi fram frumvarp sem miðar að því að veikja starfsemi Neytendastofu með þeim hætti sem hér á undan hefur verið rakið.


Á undanförnum fimm árum við efnahagsþrengingar landsins hefur reynt mjög á neytendavernd og neytendamál. Það er því mat Neytendastofu séð frá sjónarhóli almennings og neytenda hér á landi að ekki eigi að grafa undan starfsemi Neytendastofu sem væri óumdeilanlega niðurstaðan yrði frumvarp þetta samþykkt á Alþingi.

Óski nefndin eftir frekari upplýsingum eða gögnum er Neytendastofa reiðubúin til þess eftir því sem unnt er.

Virðingarfyllst  
f.h Neytendastofu

  
Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

  
Helga Sigurðardóttir  
fjármálastjóri

  
Helga Sigmundsdóttir  
lögfræðingur

**Fylgiskjöl:**

- Samskipti við Konsumentverket - Konsument ombudsmand
- Skjalalisti, bréf og gögn til Alþingis, yfirlit.

**Neytendastofa – 20.01.2014**

**Fylgiskjal – umsögn NEST við 213. mál.**

**Svar frá sænsku neytendastofunni (KOV-Konsumentverket) og samskipti vegna fyrrispuðar Neytendastofu um skipan markaðseftirlits með raftækjum í Svíþjóð.**

**Frán:** Tryggvi Axelsson [<mailto:tryggvi@neytendastofa.is>]

**Skickat:** den 9 december 2013 09:37

**Till:** Gunnar Larsson

**Ämne:** Et spørgsmål

Kære Gunnar

Jeg håber at alt går fint i Sverige.

Med denne e-post tænkte jeg at spørge dig ét spørgsmål omkring den svenske KOVs arbejde med produkt sikkerhed.

Den islandske KOV d.v.s. Neytendastofa er ansvarlig som „konsumentombud“ d.v.s. håndhævelse af regleværk omkring forbrugerrettigheder. Men som i Sverige er vi også ansvarlig for generelt produktsikkerhed, legetøj, reflektors, at eco-labels er p. hvidevarer og andre el-produkter i butikkerne m.m.

I 2010 blev den ændring gjort i Island at en afdeling som var i min myndighed og var den sidste del af den islandske „elsikkerhedsværk“ som blev nedlagt i 1996 og omorganiseret til én afdeling af min myndighed blev flyttet med lovændring i 2010 til den nye islandske Boværk. Denne afdeling er forsat ansvarlig for tilsyn med højspænding (High Voltage), elektrikere og el-installationer i huser i Island.

Samtidigt i 2010 besluttede den islandske parlament at markedstilsyn med el-produkter som er blevet solgt til konsumenter skal være i min myndighed, - dvs. el-apparater som har CE-mærke og skal tages i brug direkte af forbrugerne (til eksempel „toaster“, „hair dryers“, osv. ) og alt mulig el-apparater som er produceret jf. LVD-direktivet (Lavspændings –direktivet), falder under Neytendastofa's markedstilsyn.

Jeg har undersøgt lidt situationen i Europa og vanligvis er det nogen slags „konsumentmyndighed“ eller „trade inspektions“ som fører markedstilsyn med LVD-direktivet, d.v.s. produkter som er CE-mærkede og produceret til direkt brug inden for 50-1000 Volt (lav spænding).

Derimod i Sverige findes der forsat et „Elsikkerhedsværk“ som jeg tror at har tilsyn med „højspænding“ i Sverige, og alt mulig el-sikkerhed som den afdeling jeg har nævnt ovenfor i Island har haft p.g.a. historisk udvikling tilsyn med elsikkerhed sager, men som sagt i Island blev den islandske „elsikkerhedsværk“ nedlagt og omorganiseret til en afdeling i en myndighed i 1996 (blev først afdeling i den her islandske KOV men fra 2010 til den islandske Boværk som har tilsyn med bygninger).

Mit spørgsmål er faktisk dette:

**Har det aldrig været talt om at den svenske KOV burde beskæftige sig med markedstilsyn af el-produkter som er produceret og markedsført til forbrugere og har CE-mærke?**

Her i Island har min synspunkt været at hoved „kunden“ hos os med hensyn til markedstilsyn med farlige produkter er „butikkerne“ og at det er synergi i at vi fører tilsyn med til eksempel



legetøj og el-produkter som tilbydes i samme forretning /butik. Min synspunkt er at det er lettere for butikkerne hvis det er ikke behov for dem at have besök fra alt for mange tilsynsmyndigheder .

Hvis denne spørgsmål har været diskuteret i KOV eller Sverige ville det være udmærkt hvis du kunne forklare lidt hvordan tanken er i Sverige om markedstilsyn med CE-mærkede el-produkter i Sverige. Jeg mener at der findes synergi med af lægge markedstilsyn med flere produkter til én og samme tilsynsmyndighed, f.eks. GPSD har bredt gældsområde hvor LVD produkterne og CE mærkning af disse ligger meget tæt på.

Mange tak for inden,  
og mvh

Bestu kveðjur/ Best regards  
Tryggvi Axelsson forstj./director  
Neytendastofu /Consumer Agency  
Borgartúni 21 - 105 Reykjavík  
s./tel: + (354) - 510 11 00  
fax: +(354) - 510 11 01

From: Mikael Schmidt <[Mikael.Schmidt@konsumentverket.se](mailto:Mikael.Schmidt@konsumentverket.se)>  
To: "[tryggvi@neytendastofa.is](mailto:tryggvi@neytendastofa.is)" <[tryggvi@neytendastofa.is](mailto:tryggvi@neytendastofa.is)>  
Cc: Gunnar Larsson <[Gunnar.Larsson@konsumentverket.se](mailto:Gunnar.Larsson@konsumentverket.se)>, Joachim Allard <[Joachim.Allard@konsumentverket.se](mailto:Joachim.Allard@konsumentverket.se)>, Cecilia Tisell <[Cecilia.Tisell@konsumentverket.se](mailto:Cecilia.Tisell@konsumentverket.se)>  
Date: 09.12.2013 15:51  
Subject: SV: Et spørgsmål

---

Hej Tryggvi.

Jag fick i uppdrag av Gunnar att svara dig i hans ställe.

Det är en övergripande fråga du ställer och som vi kan ha synpunkter på. Men hur Sverige har organiserat marknads kontroll är i grunden en politisk fråga som vi inte har direkt inflytande över. Det är inte fråga som vi driver eller där vi har behov av en snabb förändring. Som du säkert känner till så finns det i Sverige femton (15) olika myndigheter som ansvarar för marknads kontroll inom sina respektive sektorer (för mer information se [www.marknadskontroll.se](http://www.marknadskontroll.se)). Åtminstone elva (11) av dessa myndigheter har produkter med krav på CE-märkning och som marknads förs mot konsumenter. Alla femton myndigheterna ingår i marknads kontroll rådet som regeringen har inrättat via lagstiftning. Syftet med rådet är att samordna viktiga frågeställningar och att bl.a. publicera marknads kontroll planer från alla myndigheter för att kunna undvika att kontroller från olika myndigheter sker mot samma näringsidkare.

Skulle man organisera marknads kontrollen med utgångspunkt från din frågeställning skulle



man behöva göra ganska genomgripande förändringar. Många andra medlemsstater i EU har ju organiserat sin marknadskontroll på detta vis, om än inte hela vägen så har man oftast ändå färre och större myndigheter med marknadskontrollansvar. Jag tror personligen inte att frågan är tillräckligt politiskt intressant i Sverige i dagsläget för att det ska ske någon förändring, men jag inser att det finns en del att vinna på att ha frågorna mer samlade.

Systemet fungerar ändå förhållandevis bra och det är inte så ofta vi stöter på frågor som med automatik skulle ha fått en annan lösning om vi varit organiserade på ett annat sätt. Vad framtiden bär med sig får vi helt enkelt invänta.

Jag hoppas att detta besvarar din fråga tillräckligt bra. Sen finns det mycket att utveckla och diskutera kring alternativa sätt att organisera marknadskontroll som jag gärna tar vid tillfälle.

Vänliga hälsningar,  
Mikael

-----  
**Mikael Schmidt**  
Enhetschef  
Produktsäkerhet

Konsumentverket  
Box 48  
651 02 Karlstad  
Besöksadress: Tage Erlandergatan 8A

.....  
Tel: 054 - 19 40 21  
Vxl: 0771 - 42 33 00  
Fax: 054 - 19 41 95

[mikael.schmidt@konsumentverket.se](mailto:mikael.schmidt@konsumentverket.se)  
[www.konsumentverket.se](http://www.konsumentverket.se)



2013 är ett jubileumsår för Konsumentverket.  
I 40 år har vi med oberoende information och  
effektiv tillsyn arbetat för konsumenternas bästa.



NEYTENDASTOFA

## Skjalalisti

### Yfirlit um gögn frá Neytendastofu – markaðseftirlit með raftækjum

- A. 18.11.2013 – t-póstur til allsherjarnefndar Alþingis og fskj. (bls. 17-19 skýrsla NEST).
- B. 6.11.2013 - Viðbótarumsögn NEST til allsherjarnefndar Alþingis.
- C. 2.12.2010 - Minnisblað NEST til umhverfisnefndar Alþingis.
- D. 13.12.2010 - Nefndarálit umhverfisnefndar Alþingis – raftæki verði hjá NEST.
- E. 11.04. 2008 – Umsögn NEST til umhverfisnefndar Alþingis.

\*\*\*\*\*